



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 15. maí 2015

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu náms í mjólkurfræðum, 336. mál

Vísað er til tillögu til þingsályktunar um eflingu náms í mjólkurfræðum sem lagt var fram á Alþingi þann 31. október 2014, þskj. nr. 413. Er í tillögunni lagt til að mennta- og menningarmálaráðuneytinu verði falið það verkefni að ráðast í endurskoðun á tilhögun náms í mjólkurfræði þannig að tryggt verði að íslenskir nemendur komist að í slíku námi.

Samtök iðnaðarins taka undir með flutningsmanni tillögunnar um að endurskoða þurfi samninga við Danmörku til að tryggja að nauðsynleg verkþekking í mjólkuriðnaði verði áfram til á Íslandi. Leggja samtökin til að mennta- og menningarmálaráðuneytinu verði falið verkefnið og að ráðuneytið hefji þegar í stað viðræður við dönsk stjórnvöld um menntun íslenskra nemenda sem vilja leggja stund á mjólkurfræði.

Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að íslensk stjórnvöld leiti leiða til að tryggja ungmennum hérlendis aðgengi að námi á framhaldsskólastigi í mjólkurfræðum sem og fleiri greinum. Eðlilegt hlýtur að teljast að ríkið taki þátt í niðurgreiðslu skólagjalda þegar slíkt nám stendur til boða á erlendri grundu þannig að námið bjóðist á sambærilegum kjörum og nemendum býðst hérlendis.

Á Íslandi hafa s.l. 14 ár, eða frá 1999 til 2013, útskrifast 2,1 nemandi að meðaltali á ári með sveinspróf í mjólkurfræði. Þannig er ljóst að um er að ræða fámenna stétt hérlendis og því mat Samtaka iðnaðarins að hagkvæmara sé fyrir íslenska ríkið að tryggja góða samninga við Norðurlöndin eða á Evrópska efnahagssvæðinu fremur en að byggja upp sambærilegt nám á Íslandi.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Katrín D. Þorsteinsdóttir
forstöðumaður mannaúts og menntamála

Björg Ásta Þórðardóttir
lögfræðingur SI